



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF OKTÓBERMÁNAÐAR 2025



VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRDUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

HAGSMUNAGÆSLUKLEMMAN

Hagsmunagæsla fyrir svæði eins og Vestfirði krefst jafnvægis milli gagnrýni og uppbyggingar. Á einum enda er nauðsynlegt að benda á það sem betur má fara – veikleika, misræmi og ójöfn tækifæri – svo stjórnvöld geti brugðist við og samfélagið dafnað. Á hinum endanum er hættan sú að ofuráhersla á það sem vantar feli í sér ósanngjarna neikvæðni sem dregur úr trú á framtíðina. Þarna þarf að stíga varlega til jarðar, því orð og ímynd hafa áhrif.

Á Vestfjörðum hefur hagsmunagæsla lengi tengst umræðu um samgöngur og vegi, enda var vegakerfið hér um árabil eftirbátur annarra landshluta. Sú mynd er þó ekki lengur rétt. Miklar framfarir hafa orðið – göng opnast, heiðar lagast og tengingar batna ár frá ári – þó að alltaf sé pláss til umbóta. Á sama tíma lifir enn í þjóðarsálinni gömul ímynd um erfiða vegi og torfærar leiðir, sem getur haft áhrif á ferðamennsku og búsetuákvörðanir.

Þess vegna er eitt af verkefnum Vestfjarðastofu að snúa frásögninni við. Við þurfum að minna á hvað hefur tekist vel, jafnframt því sem við vinnum markvisst að því að ljúka því sem eftir er. Gagnrýni okkar þarf að byggjast á gögnum, faglegri greiningu og skýrum markmiðum – en líka á stolti og jákvæðri framtíðarsýn. Við vitum að betri vegir eru ekki bara spurning um malbik og brúargerð heldur eru þeir grundvöllur atvinnulífs, lífsgæða og sjálfbærrar byggðar.

Við í Vestfjarðastofu höfum unnið að því að safna og greina gögn um samgöngur, fjarskipti og orkumál svo hagsmunagæsla okkar sé á traustum grunni. Þannig getum við bent á veikleika án þess að yfirfæra þá á allt svæðið, og tengt ábendingar við stærri myndina – hvernig úrbætur styðja við atvinnu, þjónustu og samfélagsþróun.



Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri



Um leið og við tönglumst á því sem þarf að bæta ætlum við líka að fagna því sem vel er gert. Í október voru fimm ár liðin frá opnun Dýrafjarðarganga – áfangi sem breytti samgöngum á Vestfjörðum til framtíðar. Nú stýttist í að lokið verði við þriðja áfanga Dynjandisheiðar, og þegar þar er komið munum við auðvitað minna á að Bildudalsvegurinn er næstur í röðinni. Þannig vinnum við áfram – jafnt í aðhaldi og í uppbyggingu – því Vestfirðir eru á uppleið og eiga það skilið að ímynd svæðisins fylgi þeirri þróun.

VERÐUR KOSIÐ Í SJÁVARBYGGÐ ÁRIÐ 2026?

Ég var á dögnum við opnun seiðaeldisstöðvar Háafells á Nauteyri. Nauteyri er í Strandabyggð, kvíar félagsins eru að mestu fyrir ströndum Súðavíkurhrepps. Höfuðstöðvarnar á Ísafirði. Móðurfélagið er í Hnífsdal. Slátrunin fer fram í Bolungarvík.

Annað dæmi: Á Vestfjörðum eru fjölmargir sambærilega stórir skólar reknir, sem hver og einn er að kljást við svipuð viðfangsefni. Samstarf hefur ekki verið nógu mikið, og sá Reykhólahreppur tilefni til að álykta sérstaklega um þetta á síðasta Fjórðungspingi. Það verður nefnilega að segjast, og það er miður, að samstarf þvert á sveitarfélög er oft stirðara en samstarf innan sömu stjórnsýslueiningar.

Sveitarfélög taka áfram breytingum

Fyrir í haust lagði Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra fram drög að nýjum sveitarstjórnarlögum, með margvíslegum breytingatillögum. Meðal þeirra er ákvæði um að ráðherra skuli sameina sveitarfélög sem eru með færri en 250 íbúa. Á sama tíma er nýtt kerfi jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að taka gildi og áfram haldið í að auka kröfur á þjónustu sveitarfélaga. Fjögur af sjö sveitarfélögum á Vestfjörðum eru um eða undir 250 manna markinu, auk Strandabyggðar sem hefur mikinn áhuga á sameiningarviðræðum við önnur sveitarfélög. Ráðherra hefur sagt að hann vilji sjá kosið til nýrra sameinaðra sveitarfélaga 16. maí 2026.

Þingleg meðferð er framundan, en ég les stöðuna þannig að við séum á tímamótum hvort heldur sem er. Fjölmargir ráðherrar hafa lagt fram efnislega svipuð frumvörp og það úr flokkum sem nú eru í minnihluta á Alþingi. Sameining sveitarfélaga er hluti af samfélagsbreytingum sem ná 100 ár aftur í tímann.



Gylfi Ólafsson

Formaður stjórnar Vestfirðastofu

Er Sjávarbyggð rökrétt næsta skref?

Ýmsar flækjur gera mánuðina framundan snúna. Tvö sveitarfélög, Árneshreppur og Kaldrananeshreppur, eru í sameiningarviðræðum. Nágrannasveitarfélag Reykhólahrepps, Dalabyggð, er í sameiningarviðræðum sem ekki er útséð með fyrir en síðar á árinu, auk þess sem Reykhólahreppur rambar á barmi íbúafjöldamarkansins eftir því hvaða opinbera stjórnvald er spurt.

Og Strandabyggð er fjölmennari en þau fjöldalágmarkið. Þar þyrfti því að kjósa um sameiningu að undangengnu formlegu ferli, og væntanlega þyrfti að gera það líka í Ísafjarðarbæ ef sú sviðsmynd yrði ofaná. Í Vesturbyggð er síðasta sameining enn eiginlega í fullum gangi og í Bolungarvík er enginn sameiningarhugur.

Nýtt sveitarfélag Árneshrepps, Ísafjarðarbæjar, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps, Strandabyggðar, Súðavíkurhrepps og Reykhólahrepps—sem í mínu tali hefur fengið vinnuheimið Sjávarbyggð—yrði þriðja stærsta sveitarfélag landsins í ferkílómetrum talið. Sérstaðan felst hinsvegar í strandlengjunni, en þetta sveitarfélag hefði 25% allrar strandlengju Íslands og tæplega helming allra fjarða.


Ég hef talað fyrir því að sveitarfélögin á kjálkanum taki stjórnina á atburðarásinni og byrji strax að undirbúa sameiningarkosti. Sameining er hrikalega flókið ferli og tekur tíma. Mín skoðun er að tímanum sé best varið í að undirbúa sameiningar heldur en berjast gegn Alþingi og ráðherra í málinu. Sveitarstjórnarkosningarnar eru enda á næsta leiti.

Vestfirðir eru enn frábærir staður til að búa á. Með sameiningu getum við tryggt að það verði svo áfram—að fólk, fyrirtæki og framtíð fái að dafna við hafið sem hefur alltaf verið okkur lífæð.

Hafsjór af hugmyndum

Styrkir til háskólanema á vegum
Sjávarútvegsklasa Vestfjarða

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR
TIL 25. NÓVEMBER 2025



HAFSJÓR AF HUGMYNDUM: OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Hafsjór af hugmyndum sjötta árið í röð en í verkefninu felast styrkir til háskólanema á vegum Sjávarútvegsklasa Vestfjarða.

Markmiðið með styrkjunum er að hvetja til nýsköpunar, skapa góð tengsl háskólanema og fyrirtækja með samstarfi í verkefnum, skapa ný og eftirsóknarverð störf í sjávarútvegi eða tengdum greinum á Vestfjörðum og stuðla að sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda og eflingu mannauðs og öryggis.

Áherslur taka breytingum frá ári til árs og er nú lögð sérstök áhersla á að efla atvinnulíf og stuðla að sjálfbærri nýtingu og eflingu mannauðs.

Þrjú til fimm lokaverkefni munu hljóta styrkveitingu upp á allt að eina milljón króna eftir umfangi þeirra. Lokaverkefnið geta verið innan ólíkra sviða háskólanna á Íslandi en þurfa þau að tengjast sjávarútvegi. Styrkirnir eru hugsaðir til að gera nemum kleift að auka gæði rannsókna sinna, t.d. með að nýta þá í sýnatökur, mælingar, viðtöl eða annað sem tengist viðfangsefninu beint. Skilafrestur er 25. nóvember 2025.

Allar nánari upplýsingar má finna hér: [Hafsjór af hugmyndum](#) | [Vestfjarðastofa](#)

Við hlökkum til að sjá spennandi umsóknir frá háskólanemum.



ÞÝSKIR BLAÐAMENN Á FERÐ UM VESTFJARÐALEIÐINA

Þýskir blaðamenn á ferð um Vestfjarðaleiðina

Markaðsstofa Vestfjarða hélt nýverið blaðamannaferð í samstarfi við Íslandsstofu og Finn Partners, þar sem fjórir blaðamenn frá Þýskalandi fengu tækifæri til að kynnst Vestfjörðum og Vestfjarðaleiðinni **The Westfjords Way**.

Ferðin var liður í markvissri markaðssetningu á Vestfjörðum sem áfangastað fyrir þýska ferðamenn, en áherslan var á upplifun, náttúru og menningu svæðisins. Meðal þeirra fjölmiðla sem tóku þátt voru miðlar á borð við **National Geographic Germany**.

Ferðalag um fjölbreytt landslag Vestfjarða

Blaðamennirnir hófu ferð sína á Ísafirði og dvöldu þar fyrsta daginn, þar sem þeir fóru í bæjargöngu með Ísafjörður Guide, fóru í hvalaskoðun með Sjóferðum, heimsóttu útsýnispallinn á Bolafjalli og borðuðu kvöldverð á Tjöruhúsinu. Næstu daga lá leiðin á sunnanverða Vestfirði með viðkomu við náttúruperlur á borð við Dynjanda og Rauðasand, og heimsóknir á Flateyri, Bíldudal og Patreksfjörð.

Á leiðinni voru fjölbreyttar upplifanir kynntar sem eru hluti af upplifun Vestfjarðaleiðarinnar. Hópurinn prófaði m.a. kajak með Westfjords Adventures, baðaði sig í náttúrulegum og naut veitinga á stöðum á borð við Vegamótum, Logn, Café Riis og Tjöruhúsinu.

Ferðin endaði á Ströndum, þar sem hópurinn heimsótti Galdrasýninguna á Hólmavík, smakkaði bjór hjá Galdur brugghúsi, og skoðaði nýopnaða sýningu hjá Baskasetrinu. Í Djúpavík var farið um safnið í gömlu síldarverksmiðjunni og gíst á Hótel Djúpavík. Að lokum var stoppað við Eiríksstaði í Dölunum á leiðinni til Reykjavíkur, þar sem blaðamennirnir fengu innsýn í sögu landnáms og víkinga.

Samstarf og markmið

Markaðsstofa Vestfjarða vill þakka öllum samstarfsaðilum sem tóku á móti hópnum: Ísafjörður Guide, Sjóferðir, Hótel Ísafjörður, Logn, Hótel Djúpavík, Hótel Flókalundur, Galdrasýningin á Ströndum, Café Riis, Westfjords Adventures, Gamla Bókabúðin Flateyri og Tjöruhúsið. Verkefnið var unnið fyrir tilstilli Markaðsstofu Vestfjarða í samstarfi við Íslandsstofu og Finn Partners.



FJÖLDI UMSÓKNA Í UPPBYGGINGARSJÓÐ

Kallað var eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða vegna verkefna ársins 2026 um miðjan september og á hádegi í gær rann út frestur til sækja um. Alls bárust 134 umsóknir, þar af 77 umsóknir um menningarstyrki, 48 umsóknir til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna og 9 umsóknir bárust frá menningarstofnunum um stofn- og rekstrarstyrki. Ekki hafa fleiri borist fleiri umsóknir síðan fyrsta Covid-árið, en þá barst metfjöldi umsókna, á síðasta ári bárust 98 umsóknir.

Nú tekur við vinna fagraða menningar og nýsköpunar, þau leggja til hvaða verkefni skuli styrkt, en úthlutunarnefnd tekur síðan við tillögunum og ákvarðar styrkupp hæðir. Til ráðstöfunar eru 49,8 milljónir króna, en þegar hefur verið ráðstafað 15,5 milljónum til fjöláraverkefna. Alls er því úthlutað til verkefna ársins 2026 65,3 milljónum króna.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir í lok nóvember og verði tilkynntar á úthlutunarhófi Uppbyggingarsjóðs, sem verður haldið á Ísafirði miðvikudaginn 26. nóvember kl. 16:00

HAUSTFERÐ STARFSFÓLKS VESTFJARÐASTOFU

Starfsfólk Vestfjarðastofu gerði sér glaða daga 10.-13. október og hélt í starfsmannaferð til Tékklands, nánar tiltekið til Prag. Borgin fagra tók vel á móti hópnum með ágætasta haustveðri. Borgin býður upp á margt að sjá og upplifa, hvort sem horft er til þess að fræðast um sögu lands og þjóðar, líkt og margir gerðu sér far um að skilja betur á Kommúnistasafninu og í kastalanum sem gnæfir yfir borginni eða kynnast tékkneskum hefðum í gegnum matagerðarlistina, sem í þessu tilfelli fól meðal annars í sér: svínshnefa, gúllas, soðbollur og pilsner. Í erlendum stórborgum, sem íslenskum smábæjum, eru kirkjur oft heimsóttar. Margir nýttu sér tækifærið að slá tvær flugur í einu höggi er þeir sóttu klassíska tónleika í tilkomumiklum kirkjum borgarinnar og svo var lista og annarrar afþreyingar notið á hinu ýmsu söfnum og sýningum. Sennilega var þó stærstum hluta tímans varið í að vafra um stræti stórborgarinnar og taka inn í gegnum augun þá stórkostlegu byggingarlist sem einkennir borgina sem hefur oft skipað henni á lista yfir fallegustu borgir heims – jafnvel þá fallegustu.



VEL HEPPNAÐ ÍBÚAÞING Á DRANGSNESI

Húsnæðismál, í viðum skilningi, bætt ásýnd og aukin nýting heita vatnsins, eru mikilvægustu viðfangsefni samfélagsins í Kaldrananeshreppi, til að styrkja stöðu byggðarlagsins til framtíðar. Þannig forgangsríðuðu þátttakendur málefnum á íbúðarþingi sem haldið var á Drangsnesi dagana 4. og 5. október, í tilefni þess að þar hefst nú verkefni Byggðastofnunar undir hatti Brothættra byggða. Vel var mætt á þingið og tóku um 40 manns þátt í því.

Heiti verkefnisins, „Jú víst! Kraftur í Kaldrana“, sem valið var á þinginu, endurspeglar þann kraft sem leystist úr læðingi þessa daga, með virkri þátttöku og hugmyndaauðgi íbúa á ólíkum aldri úr þorpi og sveit. Brýnt er að auka framboð á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði ásamt rými fyrir sköpun og skrifstofuaðstöðu. Mikill áhugi er á að koma á fót samfélagsaðstöðu fyrir félagsstarf, þar með talið fyrir ungt fólk. Hesthús voru líka mörgum ofarlega í huga.

Bæta mætti ásýnd m.a. með átaki í viðhaldi húsa, listaverkum og góðum leiksvæðum og gjarnan auka skjólbeltaræktun.

Kallað var eftir hitaveituvæðingu víðar í sveitarfélaginu og nefndar hugmyndir um sólarorkuver og sjálfbærni. Áhugi er á að bæta aðstöðu við pottana í fjöruborðinu, sem eru orðnir eitt af kennileitum Drangsness. Íbúar sjá ýmis tækifæri í ferðaþjónustu og þar m.a. horft til heilsutengdrar ferðaþjónustu sem einnig myndi koma íbúum til góða. Jafnframt er áhugi á að sækja fram í sjávarútvegi og matvælaframleiðslu. Þá var rætt um hvernig mætti efla þekkingu landeigenda um fjölbreytta möguleika til nýtingar á landi og öðrum auðlindum. Í ríkulegri sögu svæðisins felast verðmæti og fjölmargar hugmyndir um leiðir til að miðla henni, voru ræddar á þinginu.

Huga þarf að ýmsum samgöngubótum og m.a. bæta vetrarþjónustu og merkingar. Efling samfélagsins, tengsl og inngilding voru þátttakendum ofarlega í huga, til að tengja saman íbúa af öllum þjóðernum, rótgróna jafnt sem aðflutta, þ.m.t. sumarhúsaeigendur.

Fyrir þingið var unnið með börnum í grunnskólanum og aðspurð um hvað er gott við að búa í Kaldrananeshreppi, nefndu þau m.a. náttúru, dýralíf og frelsi og að allir séu vinir. En þau eiga sér m.a. óskir um betri leikaðstöðu og „meira stuð fyrir krakka, fyrir utan skólalóðina“, herra þjónustustig í verslun og „fleiri hús fyrir fleira fólk“.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI stýrði íbúðarþinginu og verða skilaboðin sem þar komi fram nýtt við gerð verkefnisáætlunar sem gildir til allt að fimm ára.

Að verkefninu standa, auk Byggðastofnunar, Fjórðungssamband Vestfirðinga / Vestfjarðastofa og Kaldrananeshreppur, ásamt íbúum.

Verkefnisstjóri, Valgeir Jens Guðmundsson, hefur tekið til starfa og er hann starfsmaður Vestfjarðastofu, búsettur á Drangsnesi.





UNGMENNARÁÐ VESTFJARÐA 2025 - 2026 TEKUR VIRKAN ÞÁTT Í FARSÆLDARÞINGI VESTFJARÐA

Nýtt Ungmennaráð Vestfjarða var kosið á ungmennapingi sem fór fram dagana 8-10. september á hótél Breiðuvík. Ungmennin voru sjálf afar ánægð með þingið: „það var gíst á hótél Breiðavík og gert allskonar skemmtilega hluti til dæmis leikir, útivera, fyrirlestrar, kvöldvaka og fullt af góðum mat“ segir Una Margrét nýskipaður upplýsingafulltrúi ungmennaráðsins.

Ungmennaráð Vestfjarða starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga en þetta er í annað skiptið sem kosið er í ráðið. Kosinn er einn aðalmaður og einn varamaður frá öllum sveitarfélögum en kosningin gildir í eitt ár. Nýtt ungmennaráð Vestfjarða skipar eftirfarandi fulltrúa:

Hildur Ása Gísladóttir, formaður, Vesturbyggð, Alberta Kristín Jónsdóttir, varaformaður, Bolungarvíkurkaupstaður, Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir, ritari, Reykhólahreppur, Una Margrét Halldórsdóttir, upplýsingafulltrúi, Ísafjarðarbær, Kristvin Guðni Unnsteinsson, Strandabyggð og Rafael F. da Silva Rosa, Súðavíkurhreppur. Varamenn eru: Andrés Páll Ásgeirsson, Vesturbyggð, Katla Guðrún Kristinsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður, Elna Kristín Líf Karlsdóttir, Ísafjarðarbær og Kormákur Elí Daníelsson, Strandabyggð

Ungmennaráðið hefur fundað tvisvar sinnum frá skipun þess og hefur sent frá sér umsögn um Svæðisskipulag Vestfjarða sem er nú í vinnslu. Þar brýna ungmennin meðal annars á mikilvægi þess að tryggja fjölbreytt húsnæðisúrræði sem henta ungu fólki, styttri og öruggari vegalengdir á Vestfjörðum ásamt aðgengi að fjölbreyttum störfum og námstækifærum. Þá lagði ungmennaráðið sérstaka áherslu á að skipulagið taki mið af geðheilbrigði og félagslegri virkni ungs fólks. Góðar umræður hafa myndast á fundum ungmennaráðs og fulltrúar þess hafa góða sýn á framtíð Vestfjarða en telja að mörgu megi huga að í tengslum við málefni barna og ungmenna.

„Ungmennaráð Vestfjarða virkar þannig að við fundum 1-2 sinnum í mánuði og erum þá að ræða allt sem kemur ungmennum við. Þá er t.d rætt um samgöngur, félagslíf og skóla.“ Segir Una Margrét.

Næsta verkefni ráðsins verður þátttaka á Farsældarþingi Vestfjarða þar sem Hildur Ása, Una Margrét, Þórgunnur Ríta og Alberta Kristín verða með erindi. Aðrir fulltrúar ráðsins munu einnig taka virkan þátt í þinginu.

MARKAÐSSTOFA VESTFJARÐA Á VESTNORDEN 2025

Markaðsstofa Vestfjarða tók þátt í ferðakaupstefnunni Vestnorden 2025, sem fór fram á Akureyri dagana 30. september til 1. október. Vestnorden er helsti vettvangur ferðapjónustuaðila Íslands, Færeyja og Grænlands til að efla tengsl, kynna nýjar vörur og þróa samstarf við erlenda ferðaskrifstofur.

Frá Markaðsstofu Vestfjarða sóttu ráðstefnuna Sölvi Rúnar Guðmundsson og Vilborg Pétursdóttir, auk þess sem fyrirtækið Fantastic Fjords tók þátt fyrir hönd Vestfjarða.

Vaxandi áhugi á Vestfjörðum

Á ráðstefnunni áttu fulltrúar Markaðsstofunnar 44 formlega fundi með ferðaskrifstofum og samstarfsaðilum víðs vegar að úr heiminum. Þar voru m.a. fyrirtæki sem þegar bjóða ferðir um Vestfirði, aðrir sem vinna að vöruþróun eða hafa áhuga á að bæta svæðinu inn í framtíðarferðir sínar. Heilt yfir var mikill áhugi á Vestfjörðum og jákvæð viðbrögð við þeim möguleikum sem svæðið býður ferðamönnum allt árið um kring. Kynnisferð með norðlenskum samstarfsaðilum

Í tengslum við ráðstefnuna var haldin kynnisferð fyrir erlendar ferðaskrifstofur um Vestfirði og Norðurland Vestra í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands og Fantastic Fjords. Ferðin stóð yfir dagana 28.–29. september og gaf þátttakendum tækifæri til að upplifa fjölbreytt landslag, menningu og þjónustu á svæðinu. Á Vestfjörðum heimsótti hópurinn meðal annars Ísafjörð, Bolafjall, Hólmavík, Litlabæ, Saltverk og fleiri áhugaverða staði. Ferðin gekk afar vel og vakti mikla ánægju meðal þátttakenda.



Markaðsstofa Vestfjarða vill þakka **Fantastic Fjords** og **Markaðsstofu Norðurlands** fyrir gott samstarf við skipulag og framkvæmd kynnisferðarinnar.



MYND: VESTNORDEN

GÓÐUR GANGUR Í GERÐ SVÆÐISSKIPULAGS VESTFJARÐA 2025-2050

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða kom saman til fundar mánudaginn 20. október þar sem farið var yfir stöðu vinnu við svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050. Vinnslutillaga var lögð fram í skipulagsgátt í byrjun júní, til kynningar og umræðu og var opið fyrir umsagnir varðandi ábendingar og tillögur frá íbúum og hagsmunaaðilum til 20. ágúst s.l..

Markmiðið með kynningunni var að tryggja gagnsæi í vinnu nefndarinnar og skapa tækifæri fyrir íbúa til að hafa áhrif á mótun framtíðarsýnar svæðisins. Vinnslutillagan sem kynnt var er verk í mótun, þar sem stefnuákvæði og uppsetning eru mislangt komin. Með því að kynna tillöguna á þessu stigi var lögð áhersla á að nýta sjónarmið úr samfélaginu til að styrkja og skerpa skipulagið áður en lokatillaga verður auglýst.

Á fundi nefndarinnar í síðustu viku var farið yfir þær ábendingar sem bárust á kynningartímanum en þær voru alls 16 að tölu auk umsagna frá sveitarfélögum og stofnunum. Nefndin fjallaði efni umsagnanna og ræddi sig að niðurstöðu fyrir hverja og eina, þær niðurstöður verða unnar inn í texta, myndir og töflur skipulagstillögunnar.

Gert er ráð fyrir að nefndin komi saman nú í byrjun nóvember þar sem unnið verður að lokaútgáfu svæðisskipulagsins. Efni tillögunnar verður send il sveitarstjórna til formlegrar afgreiðslu. Að því loknu fer það til Skipulagsstofnunar sem veitir heimild til að auglýsa tillöguna opinberlega og þá er óskað að nýju eftir umsögnum íbúa, stofnana og hagaðila. Þetta ferli gæti tekið allt að þrjá mánuði.

Stefnt er að því að auglýsa lokatillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2026-2050 undir lok janúar 2026 og að hún öðlist gildi á vormánuðum 2026, fyrir sveitarstjórnarkosningar

Öll sveitarfélögin á Vestfjörðum eiga tvo fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd sem fer fyrir gerð Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050, en skipulagsráðgjöf er að hálfu VSÓ ráðgjafar og starfmenn Vestfjarðastofu fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga sjá um almenna umsýslu með starfi nefndarinnar.

Hér má lesa allt um Svæðisskipulag Vestfjarða.



VEITT ÚR FRUMKVÆÐISSJÓÐI FJÁRSJÓÐS FJALLA OG FJARÐA Í FYRSTA SINN

Miðvikudaginn 29. október fór fram fyrsta úthlutunarathöfn Frumkvæðissjóðs Fjársjóðs fjalla og fjarða, í Handverksmarkaði Össu í Króksfjarðarnesi. Mæting var mjög góð og ríkti þar frábær stemning, gleði og mikill frumkvöðlakraftur.

Alls bárust 21 umsókn, þar sem sótt var um 59.794.374 krónur, og heildarkostnaður verkefnanna nemur 159.713.637 krónum. Að þessu sinni hlutu 16 verkefni styrk, samtals 11 milljónir króna, og var styrkþegum óskað innilega til hamingju! [Á heimasíðu okkar má sjá frétt um hvaða verkefni hlutu styrk.](#)

Embla Dögg Bachmann, verkefnisstjóri, flutti ávarp og lagði áherslu á mikilvægi þess að styðja við góðar hugmyndir og frumkvæði á upphafsstigi. Í máli sínu minnti hún á að þó fimm verkefni hefðu ekki hlotið styrk að þessu sinni væri mikilvægt að halda áfram að þróa hugmyndir.

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Reykhólahrepps, flutti einnig ávarp og óskaði styrkþegum innilega til hamingju. Hann hvatti til áframhaldandi nýsköpunar og þakkaði fyrir öfluga þátttöku. Fyrir hönd stjórnar Fjársjóðs fjalla og fjarða voru viðstaddar Guðlaug G.I.M.

Bergsveinsdóttir og Hrefna Jónsdóttir sem tóku virkan þátt í athöfninni ásamt verkefnisstjóra.

Embla Dögg var afar ánægð með þessa fyrstu úthlutun úr frumkvæðissjóðnum:

„Viðburðurinn var einstaklega vel heppnaður og sýndi þann mikla metnað og styrk sem býr í samfélaginu. Við hlökkum til að fylgjast með verkefnunum vaxa og dafna á næstu misserum. Ég óska öllum styrkþegum hjartanlega til hamingju og minni jafnframt á að þeir mega hafa samband hvenær sem er í framkvæmdaferlinu vegna ráðgjafar, leiðbeininga eða hvatninga.“

Fjársjóður fjalla og fjarða er verkefni Brothættra byggða í Reykhólasveit og hófst það formlega með íbúðafingi þar í sveit í mars á þessu ári.



MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐUNEYTIÐ STYRKIR FORVARNARAÐGERÐIR Á VESTFJÖRÐUM

Verkefnið Samræmdar forvarnaraðgerðir á Vestfjörðum hefur hlotið styrk að fjárhæð 8,9 milljón kr. til að efla forvarnarstarf, fræðslu og samvinnu fagaðila í þágu barna og ungmenna á Vestfjörðum. Styrkurinn er á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytisins í þágu farsældar barna og er hluti af aðgerðum stjórnvalda í áætlun vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum.

Að verkefninu standa öll sveitarfélögin á Vestfjörðum í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði og lögregluna á Vestfjörðum og var það Vesturbyggð sótti um styrkinn fyrir þeirra hönd. Vesturbyggð og Vestfjarðastofa hafa gert með sér samning um að Vestfjarðastofa annist framkvæmd verkefnisins. Umsóknarferlið leiddi Erna Lea Bergsteinsdóttir, verkefnastjóri farsældarráðs Vestfjarða og mun hún sjá um áframhaldandi verkefnastjórn.

Markmið verkefnisins er að draga úr áhættuþegðun meðal barna og ungmenna með snemmtækum stuðningi, markvissri fræðslu og öflugu samstarfi milli skóla, tómstundastarfs, foreldra og lögreglu. Verkefnið leggur grunn að heildstæðri forvarnarvinnu sem mun nýtast sveitarfélögunum til framtíðar.

Verkefnið spannar alla Vestfirði: Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Bolungarvíkurkaupstað, Súðavíkurhrepp, Strandabyggð, Arneshrepp, Kaldraneshrepp og Reykhólahrepp. Með verkefninu er stigið mikilvægt skref í að samræma og samhæfa forvarnarstarf í fámennum og dreifðum byggðum þar sem aðstæður og aðgengi að þjónustu eru víða ólík.

Verkefnið byggir á þekktum forvarnaraðgerðum sem hafa sannað sig víða á landsvísi, en verða nú innleiddar á Vestfjörðum í sameiginlegu átaki sveitarfélaganna.



Helstu áherslur eru:

- Samráð foreldra, tómstundafulltrúa og lögreglu á bæjarhátíðum og öðrum viðburðum,
- Viðburðir og fræðsla fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri,
- Fræðsluröð fyrir starfsfólk skólaþjónustu til að efla hæfni fagfólks,
- Innleiðing jafningjafræðslu fyrir 16–18 ára ungmenni,
- Efling félagsmiðstöðvastarfs í sveitarfélögunum, og
- Átak í að virkja ungmennaráð og styrkja þátttöku ungmenna í ákvörðunum sem snerta þau sjálf

Verkefnið nær yfir tímabilið 2025–2027, og verður þróað í nánú samráði við sveitarfélög, stofnanir og ungmenni sjálf. Lögd er áhersla á að forvarnir verði hluti af daglegu starfi skóla, félagsmiðstöðva og fjölskyldna. Með því að efla 1. stigs þjónustu farsældar tryggjum við að börn og ungmenni fái stuðning áður en vandamál verða umfangsmikil.

Vestfirðir standa frammi fyrir sértækum áskorunum vegna fámennis og fjarlægða, sem geta haft áhrif á aðgengi barna og ungmenna að tómstundum, fræðslu og heilbrigðisþjónustu. Verkefnið miðar að því að mæta þessum áskorunum með sameiginlegum lausnum og efla tengsl samfélaganna á svæðinu.

„Þetta er dæmi um hvernig sveitarfélög á Vestfjörðum geta með samstilltu átaki skapað raunverulegar breytingar fyrir börn og ungmenni svæðisins. Með öflugri samvinnu, fræðslu og snemmtækum stuðningi leggjum við grunn að farsæld til framtíðar,“ – Erna Lea

SKRÁNING FYRIR GESTI OG SÝNENDUR Á MANNAMÓT MARKAÐSSTOFA LANDSHLUTANNA 2026

Opið er nú fyrir skráningar á Mannamót Markaðsstofa landshlutanna, sem verða haldin í Kórnum í Kópavogi fimmtudaginn 15. janúar 2026 frá klukkan 12 til 17.

Mannamót er fjölmennasti viðburðurinn í íslenskri ferðaþjónustu þar sem rúmlega þúsund gestir hafa mætt og sýnendur verið um 250 talsins. Tilgangur Mannamóta er að kynna landsbyggðarfyrirtæki fyrir ferðaþjónustufólki sem staðsett er á höfuðborgarsvæðinu. Þar er hægt að kynnast betur fólki í ferðaþjónustu og fjölmörgum fagaðilum sem koma á Mannamót. Ísland hefur upp á margt að bjóða, allan ársins hring og á Mannamótum eru sýnendur hvattir til þess að leggja sérstaka áherslu á það sem boðið er upp á yfir vetrartímann. Viðburðurinn er haldinn í samstarfi við Ísavia.

Athugið að aðeins samstarfsfyrirtækjum Markaðsstofa landshlutanna gefst kostur á að skrá sig á Mannamót til þess að sýna og kynna sitt fyrirtæki. Allar markaðsstofurnar munu bjóða sínum samstarfsfyrirtækjum, sem skrá sig á Mannamót, á sérstakan undirbúningsfund þar sem farið verður yfir hvað gott er að hafa í huga fyrir svona sýningu, hvaða kynningarefni hentar best og svo framvegis. Þessir fundir verða auglýstir þegar nær dregur.

Skráningu sýnenda lýkur þann 18. desember 2025. Verð fyrir sýnendur er 34.900+ vsk. Smelltu á þennan hlekk til að skrá þig sem sýnanda: <https://www.markadsstofur.is/skraningsynenda>
Smelltu hér fyrir upplýsingasíðu fyrir sýnendur: <https://www.markadsstofur.is/is/vidburdir/mannamot/synendur>

Í tengslum við Mannamót fer fram Ferðaþjónustuvikan dagana 13. – 15. janúar 2026. Þá verður lögð áhersla á að auka vitund um mikilvægi ferðaþjónustu og efla samstarf og fagmennsku í greininni með fróðlegri og skemmtilegri dagskrá undir merkjum Ferðaþjónustuvikunnar. Aðstandendur Ferðaþjónustuvikunnar eru Markaðsstofur landshlutanna, Íslenski ferðaklasinn, Samtök ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofa og Íslandsstofa.



ARNARLAX Í FYRSTA FLOKKI PwC Í LOSUNARSAMDRÆTTI

Arnarlax annað tveggja íslenskra fyrirtækja sem hafa náð fyrsta flokki í losunarsamdrætti. Það þýðir að Arnarlaxi hefur tekist að draga úr losun samkvæmt Parísarsamkomulaginu en til að komast í þann flokk þarf að sýna fram á 7% samdrátt að meðaltali í losun á þremur árum. Sjálfbærnisvið PwC er árlegt yfirlit um hvernig sjálfbærnistarfi 50 af stærstu fyrirtækjum Íslands vindur fram með sérstakri áherslu á loftslagsmál. Mat á fyrirtækjunum byggir á opinberum upplýsingum, árs- og sjálfbærnisráðgjöf, og er unnið af PwC.

Þetta er frábær árangur en aðeins 17 af þeim 50 stærstu fyrirtækjum á Íslandi gátu sýnt fram á samdrátt í losun en aðeins Arnarlax og Controlant náðu markmiðum sínum. Það er ánægjulegt að annað tveggja fyrirtækjanna sem hefur náð markmiðum Parísarsamkomulagsins sé á Vestfjörðum þó svo að við vildum sjá mun fleiri fyrirtæki á þessari góðu braut í losunarmálum.

Vestfjarðastofa hefur á undanförnum árum lagt mikla áherslu á umhverfismálin og er nú þátttakandi í stóru alþjóðlegu umhverfisverkefni RECET þar sem vestfirsk sveitarfélög leita leiða til orkuskipta. Jafnframt leiðir Hjörleifur Finnson vinnu við gerð loftslagsstefnu sveitarfélaganna.

Til gamans má nefna að Arnarlax tók þátt í Gullkistunni Vestfirðir sem haldin var 6. september 2025 þar sem Vestfirðingar fengu að bragða úrvals eldislax en sjókvíaelðið er orðin öflug stoð í vestfirsku atvinnulífi.



STÓR FYRIRTÆKI - LÍTIL SAMFÉLÖG - ERINDI Á LAGARLÍFI 2025

Lagarlíf, ráðstefna um lagareldi var haldin í Hörpu dagana 30. september og 1. október. Ráðstefnan, sem er í raun tvíþætt, var öll hin glæsilegasta. Fjölmargir sýnendur voru í Hörpu að sýna allt það helsta sem er að eiga sér stað á sviði eldis og ræktunar og síðan voru fjölmörg spennandi erindi í málstofum sem sneru að viðfangsefnum greinarinnar. Guðrún Anna Finnbogadóttir, Magnús Bjarnason og Sigríður Kristjánsdóttir sóttu ráðstefnuna fyrir hönd Vestfjarðastofu og var hin síðastnefnda með erindi sem hér fer á eftir:

Vestfirðir eru stórt svæði með fáum íbúum, löngum vegalengdum og dreifðum byggðum. Á svæðinu hafa nokkur stór laxeldisfyrirtæki veruleg áhrif á atvinnulíf og samfélag; sérstaklega á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem yfir 30% starfandi fólks vinnur í eða við laxeldi. Þessi tengsl milli stórra fyrirtækja og smárra samfélaga geta haft djúpstæð áhrif á atvinnu, velferð og svæðisbundna þróun, bæði til góðs og ills. Með ábyrgum starfsháttum og virku samstarfi við samfélagið eru mikil tækifæri fyrir fyrirtækin til að auka jákvæð áhrif og draga úr neikvæðum.

Á síðustu árum mátti sjá viðsnúning í íbúaþróun Vestfjarða eftir langt tímabil niðursveiflu. Þessi breyting hefur að miklu leiti verið knúin áfram af vexti í laxeldi og bættum innviðum sem hafa styrkt samkeppnishæfni svæðisins. Vestfirðingar sem eru um 1,9% þjóðarinnar, standa undir um 3,1% af útflutningsverðmætum Íslands, sem sýnir hversu mikilvægur útflutningur svæðisins.

Samsetning starfa á Vestfjörðum er nokkuð önnur en þegar horft er til landsins í heild en yfir 30% starfa tengist útgerð, fiskvinnslu eða laxeldi og örfá mjög stór fyrirtæki starfa á svæðinu og eru leiðandi í atvinnulífinu og hafa mikil áhrif um allt svæðið.

Nýsköpun og aukið virði í útflutningi eru því lykilatriði til að byggja upp fleiri stöðir undir hagkerfið. Dæmi um hvernig nýsköpun getur sprottið upp í smáum samfélögum er Kerecis, sem þróaðist úr hugmynd til alþjóðlegs fyrirtækis með framleiðslu á Vestfjörðum. Slík fyrirtæki sýna hvernig staðbundin þekking og samstarf milli fyrirtækja og samfélags geta leitt til fjölda nýrra starfa og aukins vægis fyrir svæðið.

Stór og öflug fyrirtæki geta gegnt mikilvægu hlutverki við að umbreyta áskorunum svæða í sameiginleg tækifæri. Dæmi sem vert er að skoða er Bakkafróst á Færeyjum, sem nýtti úrgang frá seyðaframleiðslu til að stofna lífgas- og áburðarverksmiðju. Með þessari nálgun var úrgangi umbreytt í orku og áburð sem nýtist samfélaginu, bætt orkunýtni og skapað samvinnu milli landbúnaðar, heimila og ferðaþjónustu. Slíkt sýnir hvernig stór fyrirtæki geta lagt til innviði sem gagnast öllu samfélaginu.

Til að styrkja svæðið þarf einnig gott samstarf milli sveitarfélaga, fyrirtækja og menntastofnana. Möguleikar til menntunar og starfsþróunar verða að endurspegla fyrirtæki og störf sem í boði eru á svæðinu og tryggja einnig getu til þróunar og nýsköpunar. Svæðisskipulag Vestfjarða sem nú er í vinnslu gerir ráð fyrir að fólksfjölgun verði á svæðinu og að hér muni búa um 11 þúsund manns árið 2050. Það mun aðeins gerast ef á svæðinu er öflugt og vaxandi atvinnulíf.

Samvinna og gegnsæi eru lykilatriði. Þegar fyrirtæki stunda gagnsæ vinnubrögð með virðingu fyrir umhverfi og virku samtali við sveitarstjórnir og íbúa, byggist upp traust og aukinn stöðugleiki. Fyrirtæki geta stuðlað að menntun, nýsköpun, tækniþróun og innviðauppbyggingu sem aftur laðar að fjárfestingar og fjölbreyttari atvinnu, menningu og mannlíf.

Segja má að framtíð Vestfjarða snúist um jafnvægi: varðveisla lítt og ósnortinnar náttúru og stuðningur við sjálfbæra atvinnuþróun. Með samstilltu átaki sveitarfélaga, fyrirtækja og samfélags er mögulegt að byggja upp svæði sem bæði varðveitir það sem gerir svæðið sérstakt og skapar ný tækifæri fyrir íbúa. Þegar stór ábyrg fyrirtæki vinna í nánú samstarfi við sveitarfélög og íbúa á svæðinu getur það orðið drifkraftur breytinga sem skilar sér til framtíðar — til hagsbóta fyrir fyrirtækin, samfélagið og náttúruna.

FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA SVEITARFÉLAGA 2025

Í byrjun október var fjármálaráðstefna sveitarfélaganna haldin í Reykjavík. Hin árlega fjármálaráðstefna er jafnan stærsti viðburður sem haldinn er á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og hana sækja sveitarstjórnarmenn og stjórnendur flestra sveitarfélaga á Íslandi.

Fjöldmörg erindi voru á ráðstefnunni sem var jafnframt 80 ára afmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefna má erindi frá fjármála- og efnahagsráðherra, innviðaráðherra og pallborð með fulltrúum stjórnmalaflokka á Alþingi. Gerður Sveinsdóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar var í pallborði að þessu sinni með öðrum sveitarstjórnarmönnum til að ræða uppbyggingu innviða og fjármögnun sveitarfélaga. Síðari daginn voru síðan tvær málstofur. Önnur um fjármál, rekstur og áhættustýringu sveitarfélaga og hin um umhverfið, velferð og menntun.

Um þrjátíu vestfirskir sveitarstjórnarmenn sóttu ráðstefnuna í ár. Frá Vestfjarðastofu fóru þau Aðalsteinn Óskarsson og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir á fjármálaráðstefnuna.



KRÁS VAKIN ÚR DVALA

Haustið 2019 voru samtök atvinnurekenda á Ströndum og Reykhólum stofnuð og fengu þau nafngiftina KRÁS. Síðan hefur verið fremur rólegt yfir félagsskapnum en nú er kominn tími til að endurvekja starfsemi í félaginu.

Vestfjarðastofa boðar til fundar í Hnyðju á Hólmanvík þriðjudaginn 25. nóvember 2025 kl 16:00-18:00 og eru atvinnurekendur á þessu svæði eru hvattir til að mæta og taka daginn frá. Á fundinum verður skoðað hvernig félagið getur stutt við framþróun í atvinnulífi á svæðinu. Guðrún Anna Finnbogadóttir hjá Vestfjarðastofu verður með erindi um atvinnulíf og nýsköpun á Vestfjörðum og Björk Ingvarsdóttir hjá Vilja fiskverkun verður með erindi um stofnun fyrirtækja í sjávarþorpum.

Meðfylgjandi mynd var tekin á stofnfundi samtaka atvinnurekenda á Ströndum og Reykhólum 19. nóvember 2019.

UPPBYGGINGARVERLEFNI Í FERÐAÞJÓNUSTU Á NÝJUM VEF

Uppbyggingarhluti áfangastaðaáætlunar Vestfjarða er nú kominn út – í fyrsta sinn á nýjum vef áfangastaðaáætlunar Vestfjarða! Markaðsstofur landshlutanna hafa síðustu tvö ár unnið saman að því að samræma framsetningu áfangastaðaáætlana um allt land, sem auðveldar yfirsýn og utanumhald.

Á sama tíma hefur verið unnið að því að efla verklag áfangastaðaáætlunar Vestfjarða. Nú er lögð meiri áhersla en áður á samvinnu við sveitarfélögin þegar verkefni eru mótuð. Fyrsti afraksturinn af þeirri vinnu er nú aðgengilegur á vefnum: yfirlit yfir uppbyggingarverkefni hvers sveitarfélags á Vestfjörðum.

Uppbyggingarverkefni eru skilgreind verkefni á afmörkuðu svæði sem tengjast staðbundinni uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu, hvort sem hún er í höndum sveitarfélaga eða einkaaðila. Oft er um að ræða svæði þar sem þörf er á bættri stýringu ferðamanna, verndun náttúru eða auknu öryggi. Markvissari stefnumótun og samvinna aðila er lykilatriði í að stuðla að þróun ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum og er þetta liður í því. Skilgreind uppbyggingarverkefni eru jafnframt höfð að leiðarljósi þegar kemur að úthlutunum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

[Skoða nýja vefinn](#)



LOKAHÓF MARKAÐSSTOFU VESTFJARÐA

Markaðsstofa Vestfjarða hélt sitt fyrsta lokahóf í húsnæði Vestfjarðastofu í lok október til að fagna sumarlokum og annasömu ferðamannatímabili. Viðburðurinn var sérstaklega vel tímasettur, þar sem síðasta skemmtiferðaskip vertíðarinnar kom í höfn í sömu viku.

Vilhlem Anton Jónsson, betur þekktur sem Villi Naglbítur, sá um að halda uppi stemningunni og skapa létt og skemmtilegt andrúmsloft.

Markmið viðburðarins var að draga saman fólk úr ferðaþjónustu, skapa vettvang til spjalls og samveru og fagna góðu samstarfi sumarsins. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt lokahóf er haldið af Markaðsstofunni, en stefnt er að því að gera það að árlegum viðburði.



Markaðsstofa
Vestfjarða



VESTFJARÐASTOFA Í BLÁBANKANUM

Ráðgjafar frá Vestfjarðastofu
verða mánaðarlega í
Blábankanum til skrafs og
ráðagerða.

**SÖLVI RÚNAR GUÐMUNDSSON HJÁ
MARKAÐSSTOFU VESTFJARÐA
VERÐUR ÞRIÐJUDAGINN 25.
NÓVEMBER FRÁ 12-15**

Hafa samband:
solvi@vestfirdir.is

450-6603



vestfirdir.is



UPPBÝGGINGARSJÓÐUR VESTFJARÐA

Úhlutunarhóf Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða vegna
styrkja fyrir árið 2026 fer fram á Vestfjarðastofu,
miðvikudaginn 26. nóvember klukkan 16.



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA



Vestfjarðastofa

FARSÆLDARÞING VESTFJARÐA

FÖSTUDAGINN 07.11.25

EDINBORGARHÚSIÐ

Á ÍSAFIRÐI

KL. 09:30 - 17:00



Vestfirjastofa



FARSÆLD
BARNA



DAGSKRÁ

- 9:30 Móttaka
- 10:00 Farsældarþing Vestfjarða sett
- 10:10 Ávörp
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir og Erna Lea Bergsteinsdóttir
- 10:30 Svæðisfulltrúar ÍSÍ & UMFÍ
Birna Hannesdóttir og Páll Janus Þórðarson
- 10:50 Kaffi
- 11:00 Farsæld hjá Ísafjarðarbæ
Sólveig Norðfjörð
- 11:30 Farsæld og félagsmiðstöðvar í Bolungarvík
Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir og Hanna Þórey Björnsdóttir
- 11:50 Heillaspor í Vesturbyggð
Arnheiður Jónsdóttir
- 12:10 Hádegismatur
- 13:00 Hvers vegna farsæld?
Elísabet Sigfúsdóttir, Barna- og fjölskyldustofa
- 13:20 Ofbeldisvarnir í skólastarfi
Alfa Jóhannsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga
- 13:50 Kolbeinn Hólmar Stefánsson
Dósent, Háskóli Íslands
- 14:20 Kaffi
- 14:30 Opni leikskólinn
Kristín Stefánsdóttir, Helga Hreiðarsdóttir, Helga Ösp Jóhannsdóttir
- 15:00 Farsæld í Menntaskólanum á Ísafirði
Heiðrún Tryggvadóttir og Erna Sigrún Jónsdóttir
- 15:20 Ungmennaráð Vestfjarða
Alberta Kristín Jónsdóttir, Hildur Ása Gísladóttir, Una Margrét Halldórsdóttir og Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir
- 15:30 Farsældarráð Vestfjarða
Erna Lea Bergsteinsdóttir
- 15:40 Pallborð: Framtíðin í forgrunni; er ungt fólk á Vestfjörðum með í sök?
Oddvitar, sveitarstjórar og bæjarstjórar á Vestfjörðum
- 16:00 Farsældarráð Vestfjarða stofnað
Nemendur úr Tónlistarskóla Ísafjarðar leika listir sínar

